



Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík **Heildarmat á skólastarfi**

ágúst 2013
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjórar: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Nanna K. Christiansen

Una Björg Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á skólastarfi</i>	5
Svið I Stjórnun og mannauður	7
<i>Fagleg forysta</i>	7
Stjórnandinn sem leiðtogi	7
Stjórnun stofnunar	8
Faglegt samstarf	9
Viðhorf starfsmanna	10
<i>Stefnumótun og skipulag</i>	13
Starfsáætlun og skólanámskrá	13
Skóladagur nemenda	14
Verklagsreglur og áætlanir	14
<i>Samskipti heimila og skóla</i>	16
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	16
Svið II Nám og kennsla	19
<i>Nám og námsaðstæður</i>	19
Inntak og árangur	19
Skipulag náms og námsumhverfi	20
Kennsluhættir og gæði kennslu	21
Námshættir og námsvitund	23
<i>Þátttaka og ábyrgð nemenda</i>	24
Lýðræðisleg vinnubrögð	24
Ábyrgð og þátttaka	25
Viðhorf nemenda	25
<i>Námsaðlögun</i>	26
Nám við hæfi allra nemenda	26
Stuðningur við nám	27
<i>Innra mat grunnskóla</i>	28
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	28
Innra mat er markmiðsbundið	28
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	29
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	29
Innra mat er opinbert	29
Innra mat er umbótamiðað	30
Greining	32
Samantekt	32
Heimildir	37
Fylgiskjöl	37

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Barnaskóla Hjallastefnunnar sem fram fór í apríl -maí 2012. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Barnaskóli Hjallastefnunnar yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum, spurningakönnunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið í Barnaskóla Hjallastefnunnar voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*¹.

Skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar er Íris Helga Baldursdóttir og fagstjóri Kristín Cardew. Í skólanum voru 132 nemendur í 1.-4. bekk skólaárið 2012-2013 og 65 nemendur í fimm ára bekk. Nemendur koma víða að á höfuðborgarsvæðinu en flestir eru úr Reykjavík eða 97%.

Í skólanum störfuðu 38 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 30,46 stöðugildum, þar af voru kennarar í 17 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6.4 nemendur á hvert stöðugildi sem er nær jafnt og í borginni í heild að meðaltali (6,5)^[1]. Ef aðeins er miðað við kennara í Barnaskóla Hjallastefnunnar eru um 11,5 nemendur á hvert stöðugildi sem er nokkuð hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísi að meðaltali (9,1)^[2]. Meðaltölin eru reiknuð út frá nemendafjölda samanlagt í 5 ára og 1.-4. bekk.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík var fyrst settur 1. október 2008. Hann var þá til húsa í leikskólanum Laufásborg og síðar við Suðurgötu 14, í hjarta miðborgarinnar og í næsta nágrenni við ýmsar miðstöðvar menningar og lista. Haustið 2009 fluttist skólinn í varanlegt húsnæði við Hlíðarfót 7 í Öskjuhlíðinni þar sem hann starfar í náinni samvinnu við leikskólann Öskju sem einnig er rekinn af Hjallastefnunni (upplýsingar af heimasíðu).

Hjallastefnan ehf. er hlutafélag sem rekur 12 leikskóla, 4 grunnskóla og einn samrekinn leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Í stjórn fyrirtækisins sitja fimm aðalmenn. Aðalfundur fyrirtækisins fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsins en stjórnin hefur ákvörðunarvald milli aðalfunda (Handbók starfsfólks í leikskólum Hjallastefnunnar 2012-2013). Hjallastefnan ehf. rekur einnig Hjallamiðstöðina sem er stoðþjónusta við faglega og rekstrarlega þætti skólastarfsins.

¹ Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórufélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna:

Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr.:

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr.:

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntaráð Reykjavíkurborgar ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 40 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2013.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófíll skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skólastjóra gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2012-2013 (sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi)
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Stjórnun og mannauður

Fagleg forysta

Menntun og velferð nemenda er í öndvegi í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og áhersla er lögð á að mæta hverjum og einum nemenda þar sem hann er og hlúa að velgengni allra barna í skólanum (Heimasíða: Hjallastefnan ehf.).

Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ehf. er Áslaug Hulda Jónsdóttir en hún er næsti yfirmaður skólastjórnenda. Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, er stjórnarformaður fyrirtækisins og fræðslustjóri. Hún er yfirmaður Hjallastefnunnar, annast heildarstefnumörkun hennar og ber ábyrgð gagnvart uppbyggingu nýrra skóla stefnunnar (Handbók starfsfólks í leikskólum Hjallastefnunnar 2012-2013, bls. 7). Hver skóli starfar sjálfstætt undir stjórn síns leikskólastjóra eða skólastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri en allir skólar Hjallastefnunnar starfa eftir sömu námskrá og að sama markmiði. (Heimasíða: Hjallastefnan ehf.)

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík er Íris Helga Baldursdóttir en hún hóf störf við skólann í nóvember 2012. Kristín Cardew fagstjóri starfaði einnig sem skólastjóri skólaárið 2012-2013. Báðar kenna þær í hálfu starfi við skólann, auk stjórnunarstarfa. Stjórnendur leggja rækt við góð samskipti við nemendur, kennara og foreldra. Nemendur í rýnihópum þekkja skólastýrnar en sögðu að þær kæmu ekki mikið inn í skólastofurnar nema þær ættu erindi við kennarana. Kennarar í rýnihópi sögðu að aðgengi að stjórnendum væri mjög gott, „maður getur alltaf hringt eða bara hitt þær...þær taka vel í öll vandamál, ekkert vandamál of lítið fyrir þær. Við fáum stuðning frá þeim ef við þurfum“. Þátttakendum í rýnihópi starfsfólks fannst þeir hins vegar ekki hafa gott aðgengi að stjórnendum og sögðu að þeir væru ekki mjög sýnilegir í skólanum, „maður fær á tilfinningunni að þær séu að vinna allt of mikla vinnu og það bitnar náttúrulega alltaf á einhverju...þó þær myndu örugglega leggja sig allar fram við að hitta mann á fundi ef maður bæði um það...“.

Í starfsmannakönnun sem sem skólinn lagði fyrir skólaárið 2012-2013 voru þátttakendur beðnir um að meta fagstjórnun skólastjórnenda, 28,5% svarenda voru fremur eða mjög ánægðir, tæp 48% í meðallagi ánægð og tæp 24% fremur eða mjög óánægð með fagstjórn stjórnenda.

Sérstaða Hjallastefnunnar er skýr og vel kynnt fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins. Hún birtist m.a. í því að börnum er skipt upp í kjarna/bekki eftir kyni og aldri. Markmið kynjaskiptingarinnar er, skv. kynjanámskrá Hjallastefnunnar, „að auka möguleikana á jákvæðri blöndum þar sem stúlkur og drengir geta mæst án þess að gjalda fyrir kyn sitt“. Grunnstef Hjallastefnunnar eru jafnrétti, réttlæti og lýðræði. Hugmyndafræði stefnunnar byggir á sjö meginreglum sem eru sameiginlegar fyrir alla leik- og grunnskóla sem fyrirtækið rekur. Reglurnar snúa að börnum og foreldrum, starfsfólki, umhverfi, efniviði, náttúru og

samfélagi. Segja má að hugmyndafræðin kristallist í fyrstu meginreglunni sem snýr að börnum og foreldrum:

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Hugtakið *kjörnun* er eitt meginstef hugmyndafræðinnar, en í því felst stöðug leit að kjarna hvers máls og að *kjarna eitthvað* merkir að hafa hlutina í tilteknu, fyrirfram ákveðnu horfi. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er birt á heimasíðu Barnaskólans. Skólinn hefur eins og aðrir skólar Hjallastefnunnar sjálfræði í sínum málum, þó innan ramma hugmyndafræðinnar, starfslýsinga og fjárhagsáætlunar (Handbók starfsfólks í leikskólum Hjallastefnunnar 2012-2013, bls. 7). Skólinn starfar eftir stefnum og reglum Hjallastefnunnar og nemendur og kennarar hafa ekki komið að mótun þeirra. Hjallastefnan hefur gefið út ítarlega handbók fyrir starfsfólk þar sem m.a er farið yfir hugmyndafræðina, meginreglur starfsins, kynjanámskrá og starfslýsingar og að auki er boðið upp á námskeið fyrir nýtt starfsfólk að hausti. Handbókin er gefin út fyrir starfsfólk leikskóla en notuð einnig fyrir grunnskólann. Fram kom í viðtölum og rýnihópum að starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu skólans og eru vel meðvitaðir um sérstöðu hans.

Stjórnun stofnunar

Íris Helga skólastjóri og Kristín Cardew fagstjóri mynda stjórnendateymi skólans. Fagstjóri starfaði einnig sem skólastjóri veturinn 2012-2013, en í viðtali við stjórnendur kom fram að frá og með skólaárinu 2013-2014 verður Kristín eingöngu fagstjóri og mun einbeita sér að því að byggja enn frekar upp faglega þátt skólastarfsins en Íris tekur alfarið yfir umsjón með daglegum rekstri skólans, stjórnun, starfsmannamálum og foreldrasamstarfi. Báðar hafa þær til þessa sinnt kennslu í 50% starfi samhliða stjórnunarstörfum. Kristín er yfir drengjahúsi en Íris yfir stúlknahúsi.

Skipurit eða starfrækslurit Hjallastefnunnar ehf. er að finna á heimasíðu fyrirtækisins en skipurit fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar liggur ekki fyrir við gerð heildarmats.

Að sögn skólastjóra eru allir umsjónarkennarar með leyfisbréf sem grunnskólakennarar og í flestum tilvikum eru báðir kennarar hvers kjarna menntaðir kennarar. Við ráðningu eru starfsmenn látnir undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi. Bent er á afla þarf upplýsinga úr sakaskrá um alla starfsmenn skólans við ráðningu.

Á heimasíðu skólans er listi yfir starfsfólk, starfssvið hvers og eins svo og netföng. Í skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar fyrir skólaárið 2013-2014 eru erindisbréf skólastjóra og kennara, þar sem farið er yfir helstu verkefni og ábyrgð, en þau byggja á lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996 en ekki nógildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 eins og eðlilegra væri.

Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks kölluðu eftir styrkari stjórn í skólanum, „Það sem betur mætti fara er í raun bara að hafa sterkari stjórn á hlutunum, það er gott að vera frjáls í

vinnunni og móta starfið sjálfur ... en mér finnst ég stundum fá svolítið þá tilfinningu, að vera svolítið afskipt“.

Gagnrýni vegna tíðra kennaraskipta og skipulags í byrjun skólaársins kom fram í könnun sem skólinn lagði fyrir foreldra árið 2013. Í rýnihópi foreldra kom einnig fram gagnrýni á tíð kennaraskipti hjá einum nemendahópi og að óreyndir Hjallastefnukennarar hefðu verið settir saman á erfiðan kjarna en reyndir kennarar gerðir að stjórnendum sl. haust.

Skólástjórnendur sögðu að of lítil tími hefði gefist á liðnum vetri til að fara inn í kennslustundir og fylgjast með kennslunni, þar sem þeir voru sjálfir að kenna hálfan daginn. Skólástjóri sagðist ætla að gera meira af því á komandi vetri og taka frá fasta tíma í hverri viku til að heimsækja alla kjarna. Í viðtali við kennara og í rýnihópi kom fram að stjórnendur mættu vera meðvitaðri um það sem fram færi í kennslustofunum en kennararnir töldu sig þó fá stuðning og einhverja endurgjöf á störf sín. „Ég finn að hún [Íris] treystir mér og er sæl með það sem ég er að gera...þó hún segi ekki „þetta er flott hjá þér“, þá alveg finn ég það að hún er sæl“.

Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og starfsmenn fá undirbúningsblað fyrir viðtalið. Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru ánægðir með samtölin, „mér finnst viðtalið mjög gott, maður fær að vita hvernig maður hefur verið að standa sig“. Einhverjir þátttakendur í rýnihópunum vildu hafa fleiri en eitt starfsþróunarsamtöl á ári við hvern og einn en aðrir vildu að viðtalið væri lengra, a.m.k. klukkutími en ekki hálf tími.

Í skólanámskrá skólaársins 2013-2014 er almenn lýsing á verklagi við móttöku nýrra starfsmanna en þar kemur ekki fram hver beri ábyrgð á móttökunni. Jafnrétti er lykilþáttur í starfi allra skóla á vegum Hjallastefnunnar og unnið er eftir sérstakri kynjanámskrá. Í annarri meginreglu stefnunnar, sem fjallar um starfsfólk, segir að allir starfsmenn skuli njóta jafnræðis hvað varðar laun og önnur starfskjör, starfsframa og starfsaðstæður. Hafi starfsmenn einhverjar athugasemdir eða umkvartanir af einhverju tagi skuli þeir leiti til yfirmanns skólans. Ef ekki finnst viðunandi lausn innan skólans getur starfsmaðurinn áfrýjað málinu til fulltrúa Hjallastefnunnar. Verklagsreglur varðandi ágreiningsmál í starfsmannahópnum virðast því skýrar, þó ekki liggi fyrir við matið formleg áætlun um viðbrögð við einelti í starfsmannahópnum.

Skólinn hefur sett sér sérstaka upplýsingastefnu og þar kemur m.a. fram að foreldrar hafi aðgang að sérstakri fjölskyldusíðu um sitt barn og aðgang að myndasafni í gegnum læsta síðu. Benda má á að í skólanámskrá skólans fyrir skólaárið 2013-2014 er vísað í eldri lög um grunnskóla nr. 66/1995 en ekki núgildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008 og vísað í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999.

Faglegt samstarf

Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði en eiga að vera á hálfmánaðar fresti í vetur, eins og þeir voru upphaflega. Dagskrá er send út fyrir fundina og fundargerð sett á starfsmannasíðu eftir fundi. Fram kom í rýnihópi starfsfólks að fundirnir mættu vera markvissari en það væri líka gott að allir hittust „gott að við náum að púsla okkur saman ...

maður getur siglt í gegnum býsna langan tíma án þess að hitta kennara sem eru í öðrum kjarna“.

Árgangafundir eru einu sinni í viku, að sögn kennara í rýnihópi. Árgangafundir eru vettvangur kennara til að deila hugmyndum, ræða ólíkar leiðir að sameiginlegum markmiðum og skipuleggja blöndun stúlkna og drengja en mál einstakra nemenda eru ekki rædd á fundunum. Svokallaðir húsfundir eru haldnir öðru hverju en þá fundar kennarar í stúlkna húis og drengjahúsi sitt í hvoru lagi og fara yfir kynjanámskrána.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að næsta skólaár verði vikulegir teymisfundir kennara og stjórnenda, en slíkir fundir hafa til þessa verið óformlegir og óreglulegir.

Kennarar innan Hjallastefnunnar hittast á sameiginlegum fræðslu- og starfsdögum á haustin en ekki er formlegt samstarf við aðra grunnskóla. Skólastjórar Hjallastefnuskólanna hittast reglulega á fundum yfir veturinn.

Mikið samstarf er á milli kennara innan árganga, að því er fram kom í rýnihópi kennara. Mikil ánægja er með hversu góð samskiptin eru innan skólans og hversu vel er haldið um hvern einstakling. „við þekkjum börnin vel, við erum svo mikið með þeim, ...við erum með þeim allan daginn, bara hálf tíma án þeirra...nándin er stór styrkur“.

Í rýnihópi starfsfólks voru misjafnar skoðanir á því hvort upplýsingastreymið er nógu gott. Sumir sögðu að það væri nokkuð gott, stjórnendur sendu út tölvupósta og upplýsingatafla hangir uppi í kaffistofu starfsfólks. Aðrir sögðu að upplýsingar bærust „seint og illa“ og fyrir kæmi að starfsfólk væri upplýst um viðburði kvöldið áður en þeir fara fram. Hjá kennurum kom fram að stjórnendur væru duglegir að senda tölvupóst og miðla upplýsingum á starfsmannafundum en í vetur hefði upplýsingamiðlun á milli hópa verið ábótavant „stundum fréttist eitthvað áður en að búið var að gefa það út og það er ekki gott“. Vilji væri hjá stjórnendum til að laga þetta og koma upplýsingastreymi í fastari skorður. Skólastjórnendur sögðust í viðtali mikið nota tölvupóst og sms-skilaboð til að koma upplýsingum á framfæri til kennara.

Viðhorf starfsmanna

Góður starfsandi er í Barnaskóla Hjallastefnunnar að því er fram kom í viðtölum og rýnihópum og mikið er lagt upp úr því að samskipti séu hreinskiptin og jákvæð. Í rýnihópi kennara kom fram að baknag viðgengist ekki, „ef einhver leiðindi koma upp... þá er það bara strax búið og afgreitt. Það er jú okkar að tileinka okkur það sem við kennum börnunum“.

Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks voru líka ánægðir með samskiptin í starfsmannahópnum, „Við umgöngumst hvert annað af virðingu, eins og við erum að kenna börnunum að gera, við ávörpum hvert annað „kæri vinu“ og „kæra vinkona“, og það gefur góða raun...maður fyllist svona einhvern veginn hlýju“. Kennarar og starfsfólk í rýnihópum voru sammála um að andinn væri góður og gaman að koma í vinnuna „Mér finnst félagsskapurinn mjög góður á þessum vinnustað, það er gaman að koma í vinnuna og hitta vini mína“.

Í rýnihópum og matsheimsóknum kom fram að samstarf kennara og annars starfsfólks skólans er gott. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að mjög gott samstarf væri við kennara,

„allir hjálpast að“. Þátttakendur í rýnihópi kennara tóku í sama streng, „það eru allir titlaðir kennarar hér, við erum öll jöfn hér, bæði fyrir hvert öðru og fyrir börnunum“, „það er algjört jafningjasamstarf“. Kynjaskiptingin í starfsmannahópnum er körlum mjög í óhag en kennarar í rýnihópi sögðu að karlarnir væru alveg hluti af hópnum. Sama máli gildir um starfsmenn af erlendum uppruna í skólanum, sem ekki tala allir íslensku, „þau eru bara partur af þessu öllu saman“. Starfsmenn hittast mánaðarlega og gera eitthvað saman, eru í hannyrðaklúbbi, halda jólagleði, sumargleði og bingókvöld. Auk þess hefur verið haldið strandblaksmót starfsmanna og einhverjir prófuðu að fara saman í sjósund.

Mikil jákvæðni var hjá kennurum sem rætt var við gagnvart stjórnendum og starfsanda í skólanum en þó kom fram að þungur andi hefði verið fyrir áramót í skólanum, m.a. vegna þrengsla og ófullkominnar kennsluáðstöðu vegna frágangs á húsnæði, erfiðleika í skipulagi og utanumhaldi á einum kjarnanna og mikils álags á óreynda stjórnendum. Eftir að ró komst á starfið eftir áramót hefði allt fallið í ljúfa löð. Í rýnihópi starfsfólks var kallað eftir styrkari stjórn, stjórnendum skólans væru nýir og óreyndir í starfi.

Vinnuástaða kennara er lítil og er fyrst og fremst í kennslustofum, sem einnig eru nýttar fyrir frístundastarf eftir að kennslu lýkur. Hluti af hugmyndafræði Hjallastefnunnar er að börnin hafi rými til að hreyfa sig og því er stærra gólfpláss og færri borð í kennslustofum en almennt í skólum. Kennarar sitja ekki við kennaraborð og eru því meira inni í barnahópnum, að því er fram kom í viðtali við kennara. Ein starfsmannatölva og prentari er í hvoru húsi og í hverjum kjarna er ein fartölva og ípad.

Í rýnihópi kennara kom fram ánægja með mötuneyti skólans og kennarar voru líka mjög ánægðir með að skólinn er með skólabil til umræða þannig að auðvelt væri að fara í skólaferðalög og vettvangsferðir, jafnvel með litlum fyrirvara.

Helsta gagnrýnin sem fram kom í viðtölum og rýnihópum starfsfólks og kennara snéri að skorti á faglegri festu og skipulagi.

Skólaþróun og símenntun

Barnaskóli Hjallastefnunnar er nýr og starfið er enn í mikilli þróun. Skólinn hefur tekið þátt í þróunarverkefni um byrjendalæsi og í viðtali við skólastjóra kom fram að skólinn er að fara af stað með þróunarverkefni skólaárið 2013-2014, sem snýr að leiðsagnarmati.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárin 2012-2013 og 2013-2014 liggur fyrir og er í samræmi við áherslur skólans. Í símenntunaráætlun skólaársins 2013-2014 má sjá að brugðist hefur verið við ábendingum foreldra og starfsfólks um skort á fræðslu og þjálfun í „hjallískum“ vinnubrögðum, þó það hafi ekki komið fram í umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslunni. Boðið er upp á námskeið um Hjallastefnuna hjá Margréti Pálu, fræðslustjóra og stofnanda stefnunnar, og námskeið um kynjafræði fyrir kennara. Að auki verða í boði námskeið um byrjendalæsi og Numicon, samstarfsdagur kennara í skólum Hjallastefnunnar og Hjallastefnuráðstefna. Fram kom hjá kennurum að þeir væru ekki beint hvattir til símenntunar en því hafi auðvitað verið fagnað þegar þeir fara.

Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að árlega væri öllum nýjum starfsmönnum boðið upp á námskeið í Hjallastefnunni. Þess er ekki getið í símenntunaráætluninni frá 2012-2013 og því er óljóst hvort námskeið í Hjallastefnunni sem er á símenntunaráætlun 2013-2014 er viðbót við það eða sama námskeiðið og verið hefur.

Við heildarmatið liggja fyrir niðurstöður úr starfsmannakönnun Barnaskólans frá skólaárinu 2012-2013. Þar er m.a. spurt hvort starfsmenn telji sig fá fullnægjandi leiðsögn í Hjallastefnustarfsháttum. Um 33% svarenda töldu sig fá fremur eða mjög mikla leiðsögn í Hjallastefnustarfsháttum en 19% svarenda telja sig fá mjög litla leiðsögn, 9,5% frekar litla leiðsögn og 38,1% í meðallagi mikla leiðsögn. Í athugasemdum í starfsmannakönnuninni komu einnig fram óskir um meiri stuðning í „hjállískum“ vinnubrögðum. Sömuleiðis koma fram athugasemdir foreldra í foreldrakönnun og ábendingar í viðtölum og rýnihópum í tengslum við heildarmatið um skort „hjállískum“ vinnubrögðum í skólanum.

Kennarar í rýnihópi nefndu einnig að það væri mjög gott fyrir nýja Hjallastefnukennara að fá að fylgjast með reyndum kennurum að störfum og læra af þeim en það hefði aðeins skort á slíka leiðsögn á liðnum vetri.

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Skólinn hefur mjög skýra stefnu og hugmyndafræði og starfar í samræmi við hana.
- Sérstaða skólans er vel kynnt fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins, m.a. á heimasíðu skólans.
- Kennarar telja sig hafa góðan aðgang að stjórnendum skólans og njóta stuðnings þeirra.
- Skólinn hefur mótað sér upplýsingastefnu og foreldrar hafa aðgang að læstri fjölskyldusíðu.
- Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal á hverju ári.
- Starfsmannafundnir eru haldnir reglulega, dagskrá er send út fyrirfram og fundargerðir birtar á starfsmannasíðu.
- Mikil áhersla er lögð á jákvæð og hlýleg samskipti á milli barna og fullorðinna, og samstarf kennara og annars starfsfólks er á jafningjagrundvelli.
- Áhersla er lögð á skýran ramma, jákvæðan aga og festu í skólastarfinu.
- Félagslíf er virkt og starfsfólk tilbúið til að verja tíma saman utan vinnu.
- Skólinn hefur skólabíl til umráða svo auðvelt er að fara í vettvangsferðir með nemendum.
- Ánægja er með mötuneytið.
- Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni um byrjendalæsi og er að byrja á nýju þróunarverkefni um leiðsagnarmat.
- Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2013-2014 liggur fyrir og tekur að einhverju leyti tillit til ábendinga í starfsmanna- og foreldrakönnun.
- Námskeið um Hjallastefnuna er í boði fyrir nýja starfsmenn á hverju hausti.

Tækifæri til umbóta:

- Skólastjórnendur veiti skólanum styrka faglega forystu og hvetji kennara til að auka sífellt gæði náms og kennslu.
- Sýna þarf fyrirkomulag stjórnunar Barnaskóla Hjallastefnunnar í starfsáætlun með sérstöku skipuriti og hafa skýra verkaskiptingu milli skólastjóra og fagstjóra.
- Æskilegt er að til séu verkferlar um hvernig bregðast á við ef erfið mál koma upp varðandi kennslu og starfshætti í skólanum.
- Óreyndir Hjallastefnukennarar hafi stuðning frá stjórnendum eða reyndum kennurum og njóti leiðsagnar þeirra.
- Útbúa móttökuáætlun vegna nýrra starfsmanna þar sem fram kemur hver ber ábyrgð.
- Móta þarf áætlun um viðbrögð við einelti og áreiti í starfsmannahópnum.
- Uppfæra þarf tilvísanir í lög og reglugerðir í skólanámskrá og öðrum opinberum gögnum skólans.
- Bæta þarf upplýsingastreymi innan starfsmannahópsins.
- Auka enn frekar þjálfun og fræðslu fyrir nýtt starfsfólk um aðferðir og hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Stefnumótun og skipulag

Í hugmyndafræði Barnaskóla Hjallastefnunnar kemur fram að skólanum beri að virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Hverju barni eigi að mæta þar sem það er statt og hlúa að velgengni og vellíðan hvers og eins: „skólinn er til vegna barna en ekki börnin vegna skóla“ (Hugmyndafræði. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík). Mikil áhersla er lögð á jákvæð og falleg samskipti í barnahópnum, starfsmannahópnum og á milli barna og fullorðinna. Þessar áherslur sáust í vettvangsheimsóknum í tíma og komu fram í viðtölum og rýnihópum starfsfólks og kennara sem segja að ríkja mikla hlýju, kærleik og virðingu fyrir börnunum, „börnunum alltaf ætlað allt það besta“.

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar liggur við matið en hún er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans né með öðrum opinberum hætti.² Þegar starfsáætlunin var yfirfarin hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur vorið 2013 var bent á að í hana vantar upplýsingar sem þar eiga að vera skv. grunnskólalögum nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) (sjá í fylgiskjölum: Gátlisti um starfsáætlun skóla). Upplýsingar vantar m.a. um skólareglur, námsmat og ýmsar áætlanir (sjá um innihald starfsáætlunar í 12. kafla aðalnámskrár grunnskóla).

Flestir þættir sem birta skal í skólanámskrá liggja fyrir á heimasíðu skólans. Námskrár einstakra námsgreina fyrir hvern námshóp liggja fyrir, þar er gerð grein fyrir markmiðum og vísað í aðalnámskrá frá 2005. Bent er á að fyrir liggur að uppfæra skólanámskrá til samræmis við nýja aðalnámskrá, en skólar hafa aðlögunartíma til ársins 2015 til að innleiða ákvæði hennar. Í skólanámskrá er ekki gerð grein fyrir stuðningi við nemendur með sérkennsluþarfir og áætlun liggur ekki fyrir um sérkennslu eða móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í

² Það sem á heimasíðu er birt undir heitinu starfsáætlun er lýsing á starfsemi skólans og umsókn um starfsleyfi.

rýnihópi kennara kemur fram að skólanámskráin er í endurskoðun og verið er að móta námskrá fyrir alla Hjallastefnuskólana. Að sögn skólastjóra er verið að vinna að innleiðingu á nýrri aðalnámskrá miðlægt fyrir alla skólana.

Foreldrar sem rætt var við þekkja vel stefnu skólans og sérstöðu og segja að það sé „alveg farið eftir aðalnámskrá og svo er Hjallastefnan með sína eigin námskrá í viðbót við hana, sem fjallar um ákveðna eiginleika, styrkjandi eiginleika fyrir kynin og félagsmótun“.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld samkvæmt því dagskipulagi sem liggur fyrir sem er að mestu eins fyrir alla daga. Skóladagurinn hefst með samveru kl. 8:45 og lýkur með nónhressingu og valstund milli 14:30-15:00. Hópatímar og valtímar eru í 60-90 mín. í senn með 15 mínútna hléi/ávaxtastund á milli. Matarhlé er í 30 mínútur í hádegi.

Vikulegur námstími nemenda 1425 mín sem er umfram það sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir (1200 mín.). Skólinn veitir nemendum þannig lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Nám nemenda er skipulagt í sex lotur yfir skólaárið sem snúa að kynjanámskrá skólans. Loturnar eru ætlaðar til að styrkja félagsfærni og einstaklingsfærni, yfirheitin eru: Agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni. List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum í 90 mín. Þrisvar í viku eina til tvær vikur í senn og að nokkru leyti samþættar við bóklegar greinar. Valtímar eru á dagskipulagi á hverjum degi. Námsgreinar eru samþættar til að gera nám nemenda heildstæðar og sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár nýttur til að skapa samfellu í námi. Aftur á móti virðist val sem boðið er upp á í valtímum fremur miðað við þarfir yngri barna en eldri miðað við vettvangsathuganir. Huga þarf að krefjandi verkefnum í valtímum fyrir eldri nemendur.

Verklagsreglur og áætlanir

Meginreglur Hjallastefnunnar eru birtar á heimasíðu Hjallastefnunnar. Þær eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um (www.hjalli.is/meginreglur). Í lýsingum á starfsháttum eru nokkuð ítarlegar lýsingar á innra starfinu sem segja má að myndi regluverk um starfið (Handbók starfsfólks). Þar er m.a. fjallað um hvernig hegðun nemenda skuli leiðrétt ef þeim verður á og þeim gefið tækifæri til að bæta sig. Eiginlegar skólareglur sem snúa beint að nemendum er aftur á móti ekki að finna í skjölum skólans né heldur viðurlög. Í sjöttu meginreglu segir að Hjallastefnunni sé ætlað að kenna börnum aga og hegðun á jákvæðan, hlýlegan og hreinskiptinn hátt þar sem taminn vilji er leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla (www.hjalli.is/meginreglur). Áhersla er lögð á skýrar reglur, jákvæðan aga og festu og að nemendur læri að temja sér sjálfsaga svo þau verði fær um að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á ábyrgan hátt. Hjallastefnan hefur einnig skýrar reglur varðandi hegðun og framkomu starfsfólks, orðræðu og orðanotkun

Skólinn hefur mótað áætlun um hvernig bregðast skuli við alvarlegum atburðum og áföllum sem snerta nemendur og/eða starfsfólk skólans og áfallaráð er starfandi innan skólans. Áfallaáætlunin er birt í skólanámskránni og tekur bæði til nemenda og starfsfólks.

Í rýnihópi eldri nemenda nefna stúlkurnar þá reglu skólans að vera í skólabúningum í skólanum, einnig nefna þær sérstakar Hjallastefnureglur eins og „gengur betur næst“ og „ekki skipta sér af öðrum hugsaðu bara um sjálfa þig“ og „ekki gera úlfalda úr mýflugu“. Þær telja að einhverjar reglur hafi komið frá nemendaráðinu.

Eineltisáætlun er birt á heimasíðu skólans, þar er m.a. lýst viðbrögðum við því ef einelti kemur upp einnig er birt aðgerðaáætlun vegna ofbeldis gegn börnum og tilgreint aðgerðateymi sem tekur á málum þegar grunur vaknar um ofbeldi utan eða innan skólans.

Það sem vel er gert:

- Starfsáætlun skólans og skólanámskrá liggja fyrir þegar matið fer fram.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir flestum þáttum sem þar eiga að birtast.
- Foreldrar sem rætt var við þekkja vel stefnu skólans og sérstöðu og segja að það sé „alveg farið eftir aðalnámskrá og svo er Hjallastefnan með sína eigin námskrá í viðbót við hana.
- Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld samkvæmt dagskipulagi sem er að mestu eins fyrir alla daga.
- Skólinn veitir nemendum lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.
- List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum, nám nemenda er að hluta samþætt og sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár nýttur til að skapa samfellu í námi nemenda.
- Meginreglur Hjallastefnunnar fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um.
- Í eineltisáætlun er lýst viðbrögðum við því ef einelti kemur upp og einnig er birt aðgerðaáætlun vegna ofbeldis gegn börnum og tilgreint aðgerðateymi sem tekur á málum þegar grunur vaknar um ofbeldi utan eða innan skólans.
- Sérstök áfallaáætlun sem nær bæði til nemenda og starfsfólks er til staðar og áfallaráð starfar í skólanum.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta starfsáætlun þannig að hún uppfylli þá upplýsingagjöf sem grunnskólalög og aðalnámskrá gera ráð fyrir.
- Birta starfsáætlun skólans á heimasíðu eða með öðrum opinverum hætti.
- Bent er á að fyrir liggur að uppfæra skólanámskrá til samræmis við nýja aðalnámskrá, en skólar hafa aðlögunartíma til ársins 2015 til að innleiða ákvæði hennar.
- Huga þarf að krefjandi verkefnum í val tímum fyrir eldri nemendur.
- Eiginlegar skólareglur sem snúa beint að nemendum er ekki að finna í skjölum skólans né heldur viðurlög.
- Áætlun um sérkennslu liggur ekki fyrir né skráðar móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku eða fyrir nemendur með sérþarfir.
- Ekki eru upplýsingar um nemendaverndarráð á heimasíðu skólans.

Samskipti heimila og skóla

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Á heimasíðu Barnaskóla Hjallastefnunnar eru upplýsingar um foreldrafélagið og starfsemi þess en ekki um skólaráð (Heimasíða skólans). Í meginreglum skólans kemur fram að: Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans (www.hjalli.is/meginreglur).

Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs vorið 2012 svöruðu 42 foreldrar í Barnaskóla Hjallastefnunnar könnuninni af 52 í úrtaki eða 81%. Helstu niðurstöður voru þær að allir svarendur sögðust vera ánægðir með skólann almennt. Ánægja foreldra í öðrum grunnskólum í Reykjavík var að meðaltali 84% þetta sama ár.

Í heildina voru niðurstöður skólans góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2011-2012. Ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil eins og víðar í borginni og nær allir foreldrar voru ánægðir með viðmót, samskipti og upplýsingamiðlun frá kennara. Upplýsingar á heimasíðu og almenn upplýsingagjöf skólans fékk mjög góða einkunn frá foreldrum. Ánægja með stjórnun skólans var 97%. Mikil ánægja kom fram í foreldrakönnun skólans sjálfs frá 2013 með hlýlegt og jákvætt viðmót starfsfólks í garð barnanna.

Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út og einelti meðal nemenda mældist ekki í foreldrakönnuninni þegar spurt var um síðustu 12 mánuði. Mikil ánægja var með samskipti starfsfólks við barnið og foreldrar töldu skólann koma vel til móts við þarfir barnsins.

Foreldrarnir sem tóku þátt í könnuninni voru yfirleitt sáttir við áherslur skólans, kröfur til nemenda og aga. Um 90% sögðu barnið oftast fá verkefni við hæfi í skólanum og öllum fannst agi í skólanum vera hæfilegur (80% voru sama sinnis í öðrum skólum í Reykjavík). Um 17% fannst eitthvað skorta upp á að námsmat skólans gæfi nægar upplýsingar um námslega stöðu. Meirihluti foreldra hafði aldrei gert námsáætlun með barni sínu en 24% fannst það mikilvægt verkefni.

Þegar spurt var um aðstöðu og búnað í skólanum mældist aðgengi nemenda að tölvum lægst en 29% foreldra voru ánægðir með það. Mesta ánægjan var með húsnæði, mötuneyti og aðstöðu fyrir íþróttaiðkun eða yfir 90%. Um 76% foreldra voru ánægðir með skólalóðina og 83% ánægðir með gæsluna þar.

Foreldrar í rýnihópi sögðust fá tölvupóst í lok hverrar viku frá kennara um það sem gerst hefur í vikunni, hvað er framundan og markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma. Heimasíða skólans er virk og uppfærð reglulega, að sögn foreldra í rýnihópi, og hver kjarni er með sína sérsíðu með myndum, fréttum og upplýsingum um afmæli. Í foreldrakönnun skólans, sem gerð var 2013, komu fram kvartanir um lélegt upplýsingaflæði, einkum vildu foreldrar fá meiri og betri upplýsingar um námið sjálft, námsmarkmið og hvernig nemendur standa í náminu í samanburði við nemendur annarra skóla og almennt það sem er á döfinni í

skólanum. Einnig kom fram í foreldrakönnun að svörun við erindum mætti vera betri, að stundum væri erfitt að ná sambandi við kennara og aðstöðu vantaði ef foreldrar vildu ræða einslega við kennara.

Kennarar í rýnihópi sögðust hin vegar vera í miklum samskiptum við foreldra og senda vikulega pósta til foreldra um það sem kjarninn væri búinn að vera að gera og hvað væri framundan. Foreldrar eru með símanúmer kennara og er velkomið að hringja í þá.

Foreldrasamtöl eru einu sinni á hverri önn og kennarar og foreldrar stýra saman svokölluðum kjarnakvöldum. Foreldrum er boðið að vera með svokallað foreldraframlag, t.d. vera með kynningu á sínu sérsviði, bjóða nemendum í heimsókn á vinnustað sinn, bjóða á tónleika eða sýningar eða leggja til vinnu, t.d. á lóð skólans. Í rýnihópi foreldra og foreldrakönnun kom fram að foreldrar vilja fá meiri upplýsingar um námsefnið, námsmarkmið og hvernig nemendur standa í náminu í samanburði við nemendur annarra skóla.

Foreldrar í rýnihópi voru nokkuð ánægðir með samskiptin við stjórnendur, en sögðu að snurða hefði hlaupið á þráðinn í samskiptunum sl. haust þegar upp kom erfið staða á einum kjarnanum sem langan tíma hefði tekið að leysa, m.a. vegna þess að erfitt hefði verið að ná eyrum stjórnenda og kennara. Eftir að það mál leystist eftir áramót hefðu samskiptin hins vegar batnað og gengið vel síðan. Yfirstjórn Hjallastefnunnar hefði blandast í málið og átt erfitt með að taka gagnrýni foreldra.

Foreldrasamtöl eru einu sinni á hverri önn og kennarar og foreldrar stýra saman svokölluðum kjarnakvöldum. Foreldrum er boðið að vera með svokallað foreldraframlag, t.d. vera með kynningu á sínu sérsviði, bjóða nemendum í heimsókn á vinnustað sinn, bjóða á tónleika eða sýningar eða leggja til vinnu, t.d. á lóð skólans.

Skólaráð og foreldrafélag

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er skólaráð starfandi við skólann og fundar reglulega. Í því sitja fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags ásamt fulltrúum kennara og starfsfólks en enginn fulltrúi nemenda situr í skólaráðinu. Skólaráðið fundar 4-6 sinnum yfir skólaárið. Skólastjóri annast skipulag funda en fulltrúar geta lagt mál til umfjöllunar eftir því sem þörf er á. Upplýsingar um skólaráðið eru ekki birtar á heimasíðu skólans né fundargerðir.

Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar þekktu vel til starfa skólaráðsins og töldu að tekið væri tillit til ábendinga sem þar koma fram en ekki væri leitað beint eftir viðhorfum foreldra varðandi innra starf skólans eða stefnumótun. Einn fulltrúi úr stjórn foreldrafélags situr í skólaráði.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru upplýsingar um skipan þess og starfsemi birtar á heimasíðu skólans, félagið sér um með ýmsa fasta viðburði, haustgöngu, jólaföndur, fræðslufyrirlestra fyrir forelda að hausti og vori að sögn foreldra auk þess sem foreldrafélagið kaupir hluti sem gagnast börnunum og skólanum og er m.a. að vinna í að koma upp bókasafni við skólann. Foreldrum er boðið að leggja skólanum lið með fjölskylduframlagi og skv. könnun skólans hafa um 50% foreldra fengið slíkt boð og 40% langar til að þiggja það. 10%

svara að þeir hafi lagt skólanum lið á skólaárinu. í fjölskylduframlagi felst að aðstoða í skólastarfinu eða koma inn með kynningu fyrir nemendum.

Foreldrafélagið fundar einu sinni í mánuði og skólastjórar koma inn á fundi eftir þörfum. fundargerðir eru sagðar vera á heimasíðu en við athugun er þar aðeins að finna nokkuð gamlar fundargerðir.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Í foreldrakönnun 2012 sögðust allir svarendur vera ánægðir með skólann almennt (að meðaltali 84% í Reykjavík). Ánægja með stjórnun skólans var 97%.
- Mikil ánægja kom fram í foreldrakönnun skólans sjálfs frá 2013 með hlýlegt og jákvætt viðmót starfsfólks í garð barnanna.
- Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út og einelti meðal nemenda mældist ekki.
- Foreldrasamtöl eru einu sinni á hverri önn og kennarar og foreldrar stýra saman svokölluðum kjarnakvöldum.
- Foreldrafélag er virkt og styður við skólann, upplýsingar um skipan þess og starfsemi birtar á heimasíðu skólans.
- Foreldrum býðst að leggja skólanum lið með fjölskylduframlagi.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta upplýsingar til foreldra um nám barna sinna.
- Birta upplýsingar um skólaráðið á heimasíðu skólans svo og fundargerðir.
- Taka fulltrúa nemenda inn í skólaráð.

Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Barnaskóli Hjallastefnunnar við Nauthólsveg er sjálfstætt rekinn grunnskóli, einn af fimm sem starfa undir merkjum Hjallastefnunnar. Skólar Hjallastefnunnar starfa ákaflega sjálfstætt undir stjórn síns skóla- eða leikskólustjóra sem hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Þannig hefur hver skóli sitt eigið andrúmsloft og sína eigin stofnanamenningu en allir starfa þeir þó að sameiginlegu markmiði og eftir sömu námskrá sem liggur til grundvallar öllum þáttum fagstarfsins (www.hjalli.is).

Inntak og árangur

Greinargóðar upplýsingar um hugmyndafræði skólans liggja fyrir í almennum hluta skólanámskrár. Námskrár einstakra árganga byggja á aðalnámskrá (2005). Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórendnum er verið að endurskoða skólanámskrána og aðlaga að nýrri aðalnámskrá (2011).

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar liggur einnig til grundvallar starfinu. Þar er markvisst unnið að félagsþjálfun beggja kynja með það að markmiði að stuðla að jafnrétti og „þjálfna bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum“. Unnið er í fjögurra vikna lotum að hverjum þætti sem eru: Agi; sjálfstæði; samskipti; jákvæðni; vinátta og áræðni.

Miðað við þær námsáætlanir sem liggja fyrir eru bæði skólanámskráin og kynjanámskráin virk verkfæri í skólastarfinu. Námskrárnar eru í meginatriðum í góðu samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þátttöku starfsmanna og foreldra í endurskoðun skólanámskrár.

Samræmd könnunarpróf

Vegna þess hve fáir nemendur eru yfirleitt í árgangi og þess hve skólinn er nýr er einungis unnt að birta niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk frá síðasta ári. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá stærð nemendahópsins, skipt eftir því hvort nemendur fengu lága, meðal eða háa meðaleinkunn. Meðaleinkunn alls hópsins er svo aftast í töflunni.

Samræmd próf 4. bekk 2012	Hlutfall nemenda með lága, meðal eða háa normaldreifða einkunn		
	Lág	Meðal	Há
Íslenska	9,1%	63,6%	27,3%
Reykjavík	21,8%	52,5%	25,7%
Stærðfræði	18,2%	54,5%	27,3%
Reykjavík	22,6%	52,4%	25,1%

Í íslensku fengu tiltölulega fáir nemendur í Barnaskóla Hjallastefnunnar lága einkunn en fleiri voru í þeim hópum sem fengu einkunn í meðallagi eða háa. Lítil munur var á dreifingu nemenda í stærðfræði og að meðaltali í Reykjavík. Meðaleinkunn nemenda skólans var svipuð meðaltali Reykjavíkur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur tekið tvisvar þátt í lesskimun og talnalykli. Í lesskimun var niðurstaðan 2012 að 41% nemenda gat lesið sér til gagns samkvæmt viðmiðun prófsins en nú í vor gátu 85% nemenda lesið sér til gagns. Í talnalykli fóru 82% einungis í gegnum þrep I árið 2011 en 69% árið 2012 en þeir nemendur teljast ólíklegir til að þurfa sérstaka aðstoð í stærðfræði.

Lesskimun og Talnalykill

	2011	2012	2013
Lesskimun 2. bekkur			
Hlutfall sem les sér til gagns	-	41%	85%
<i>Reykjavík</i>	-	69%	63%
Talnalykill 3. bekkur			
Hlutfall sem fer í gegnum 1. þrep	82%	69%	-
	73%	76%	-

Skipulag náms og námsumhverfi

Í meginreglu Hjallastefnunnar um umhverfi kemur fram að jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi skuli vera ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur sýnilegar og ápreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra og þroska. Til samræmis við þessa meginreglu eru veggir skólastofa nær auðir og gert er ráð fyrir að sýningar á verkum nemenda standi í skamman tíma. Einnig er lögð áhersla á að námsgögn og efniviður allur sé einfaldur „þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns“ (www.hjalli.is/meginreglur).

Nemendum er skipt í kynjaskipta hópa, svokallaða kjarna, þannig er stúlkna- og drengjakjarni í hverjum árgangi nema 9 ára þar sem aðeins er stúlknaþópur skólaárið 2012-2013. Kennslan fer fram í aðskildum húsum, stúlkna- og drengjahúsi og hver kjarni „á sitt rými“. Stúlkur og drengir hittast í einum samverutíma á dag. Markmið með kynjaskiptum hópum marka sérstöðu skólans og eru vel kynnt í stefnu hans. Starfsfólk og foreldrar fá kynningu á hugmyndafræði skólans og lögð er áhersla á að henni sé fylgt í framkvæmd. Rammi skólstarfsins er mjög skýr og lítt breytanlegur, þannig að starfsfólk og foreldrar vita að hverju þeir ganga.

Dagskipulag er eins alla daga og innan þess ramma gera kennarar áætlanir undir merkjum þeirrar lotu sem unnið er með hverju sinni og í smíðjum sem tilgreindar eru á dagskipulagi sem gefið er út fyrir hverja viku.

Í námskrá skólans er lögð áhersla á að fylgja aðalnámskrá í öllum námsgreinum og þar má sjá stigvaxandi kröfur og samhengi í námi. Fjallað er um námsmat í námskrá skólans þar segir að því skuli hagað á sem fjölbreytilegastan hátt og „ákveðin lágmarksfærni skv. aðalnámskrá metin hverju sinni“. Matsþættir eru verklag, færni og hugmyndaauðgi. Birt eru viðmið í fimmskiptum kvarða þar sem: *Frábært* er hæst og: *Þarf að bæta mikið* er lægst. Formlegt námsmat er unnið í annarlok en símat fer fram allt skólaárið (Námskrá, kafla um námsmat). Að sögn skólastjóra er verið að vinna þróunarverkefni í námsmati og leiðsagnarmati.

Nemendur tala um að ekki séu hefðbundin próf eins og í öðrum skólum „sem er gott því þá er ekki verið að monta sig af góðum einkunnum“ . Kennarinn fer yfir og þannig vitum við hvort við séum að standa okkur eða ekki. Hjá foreldri kom fram að það væri „svolítið óljóst hvar þau standa námslega séð“, bæði vegna þess hvernig stundataflan er sett upp og vegna námsmatsins og námskrárinnar þar sem námsgreinar eru kenndar í lotum. Skipulagið væri þannig að mörgu leyti gott en „rambaði stundum á barmi þess að vera óreiðukennt“.

Ekki gert ráð fyrir heimanámi nemenda nema heimalestri. Ekki verður séð að nemendasamtöl séu fastur liður í samskiptum nemenda og kennara en þeir eiga óformleg samtöl um námið.

Heimasíða skólans er virk og uppfærð reglulega, að sögn foreldra í rýnihópi, og hver kjarni er með sína sérsíðu með myndum, fréttum og upplýsingum um afmæli. Í foreldrakönnun, sem gerð var 2013, komu fram kvartandir um lélegt upplýsingaflæði, einkum vildu foreldrar fá meiri og betri upplýsingar um námið sjálft, sitt barn og almennt það sem er á döfinni í skólanum. Farið var yfir heimasíðu skólans með gátlista (sjá fylgiskjal, gátlisti um heimasíðu).

Áhættumat var unnið í maí 2013, þar segir að slíkt mat sé reglulega gert í skólanum. Við mat kom í ljós að allir metnir þættir eru í lagi. Fjórir þættir áttu ekki við vinnustaðinn. Vinnuumhverfisvísar eru aðgengilegir öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni sem eru ábyrgir, ásamt skólastjórnendum, fyrir reglulegu mati og eftirfylgni. Samkvæmt niðurstöðum eru áhættuþættir í algjöru lágmarki.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennsluhættir eru sniðnir að viðfangsefnum sem eru samþætt í lotum og smiðjum. Kennara í rýnihópi segja rammann skýran en þeir hafi mikið frelsi í kennslunni, „við erum lítið með bækur og þá skiptir máli hversu frjótt ímyndunarafl kennarinn hefur og hversu snöggur hann er að grípa áhuga nemenda sinna“.

Skólinn er staðsettur við skógarsvæði í suðurhlíð Öskjuhlíðar og nýtir sér þessar aðstæður til útiveru og útikennslu með öllum nemendahópum. Útivera undir stjórn kennara er daglega á skipulagi og kemur í stað frímínútna.


Kennarar og starfsfólk í rýnihópum eru ánægð með umhverfi skólans, „Staðsetning skólans hér í Öskjuhlíðinni er styrkleiki, það að hafa náttúruna hérna við þröskuldinn er mjög gott“. Kennarar og starfsfólk eru líka ánægð með skólalóðina og telja það kost að hafa fá leiktæki á lóðinni. Nemendur væru hugmyndaríkir og duglegir við að búa sér til eitthvað til að leika sér að og klifra í trjám og steinum. Kennarar í rýnihópi sögðust nota skóginn mikið, „Við förum með þeim inn í skóg og þar eru ævintýrin, þau búa sér til sögur og fara í leiki út um allt, eiga sér leynistað og sín svæði“. Nemendur í rýnihópum sögðust hins vegar gjarnan vilja fá meira af hefðbundnum leiktækjum eins og rólum og rennibrautum á skólalóðina.

Í viðtali við kennara kom fram að kennarar væru hvattir til að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og aðlaga þær að þörfum hvers barns, „Það er alveg skýrt að ef barninu hefur

orðið á einhverstaðar, þá er það ekki barnið, heldur hefur kennarinn ekki staðið pliktina nógu vel... þá þarf kennarinn að kíkja í eigin barm og hugsa „Hvað get ég gert betur?“...Þetta tekst alveg ótrúlega vel hér“.


Barnaskóli Hjallastefnunnar er í samstarfi við Borgarbókasafnið og nemendahópar fara reglulega á bókasafnið yfir veturinn. Einnig er skólinn í samstarfi við tónlistakennara sem koma í skólann og kenna börnum á skólatíma, að því er fram kemur í skólanámskrá fyrir skólaárið 2013-2014. Mikið samstarf er við Hjallastefnuleikskólann Öskju sem staðsettur er í næsta húsi og eldri nemendum Barnaskólans býðst t.d. í vali að fara í leikskólann og aðstoða. Kennarar telja æskilegt að skólinn hafi sitt eigið bókasafn og fram kom í rýnihópi foreldra að foreldrafélagið væri að vinna í því að koma upp bókasafni við skólann.

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 14 kennslustundir og þar af voru 13 metnar. Heimsóknirnar dreifðust á alla námshópa drengja og stúlkna. Stundirnar voru flestar vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur (sjá fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir). Helsta athugasemd þeirra sem heimsóttu kennslustundir er að verkefni voru ekki í öllum tilvikum nægilega krefjandi fyrir nemendur sérstaklega eldri hópana (sjá fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir). Nemendum í rýnihópi finnst verkefni vera krefjandi og þau tala um hópavinna og stöðvavinnu t.d. risaeðlur, sudoku og læra um líkamann.



Skráð var hvaða kennsluhættir voru notaðir í þessum stundum, merkt var við 1-3 atriði í hverri stund. Í 23% stundanna voru nemendur að vinna að verkefnum sem fela í sér sköpun og tjáningu og í 17% tilvika var merkt við markvissa samvinnu nemenda, hvort tveggja er þetta yfir meðaltali skóla almennt. Í 20% tilvika var merkt við beina kennslu eða innlögn og sama hlutfall var merkt verkefnavinna undir stjórn kennara a.m.k. hluta tímans. Í þeim stundum sem heimsóttar voru voru nemendur aldrei í verklegri vinnu þar sem list- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum 1-2 vikur í senn (sjá einnig fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir).

Kennsluhættir -heild




Til samanburðar eru kennsluhættir að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið sl. þrjú ár.

Gæði kennslustunda

Að mati kennara er lögð mikil áhersla á gæði starfsins, „allt rosalega vandað, keypt vönduð námsgögn, fallegar bækur...fókusinn er mestur á því sem skilar sér til barnanna“.

Farið var í vettvangsheimsóknir í alls 14 stundir, ein stund af þeim var ekki metin, þannig að lagt var mat á gæði 13 kennslustunda samkvæmt viðmiðum sem notuð eru við heildarmatið (sjá fylgiskjal 2: Viðmið um gæði kennslu).



Af þeim voru 15% metnar frábærar, 62% góðar, 23% viðunandi og engin óviðunandi. (Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir. Kennslustund sem metin er viðunandi uppfyllir ekki alla þessa þætti en er samt í meginatriðum í lagi. (sjá einnig fylgiskjal 2, Viðmið um mat á gæðum kennslustundar og fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru áhugasamir um nám sitt og í rýnihópi eldri nemenda kemur fram að þeim finnst verkefnið krefjandi og segjast vinna að „margvíslegum verkefnum“ og ekki allir á sama

stað í bókum. Kennararnir skýra oftast mjög vel út, segja nemendur einnig og þeir eru kurteisir og styðjandi í náminu. Oftast er vinnufriður í kennslustundum að þeirra mati og helst læti frá öðrum kjörnum og á ganginum. Í rýnihópi yngri nemenda segjast þau oftast fá að læra eins og þau vilja „getum setið við borð, verið á gólfinu eða hvernig sem er“, en stundum raðar kennarinn í hóp.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Greinargóðar upplýsingar um hugmyndafræði skólans liggja fyrir í almennum hluta skólanámskrár.
- Kynjanámskrá Hjallastefnunnar liggur einnig til grundvallar starfinu. Þar er markvisst unnið að félagsþjálfun beggja kynja með það að markmiði að stuðla að jafnrétti.
- Rammi skólastarfsins er mjög skýr og lítt breytanlegur, þannig að starfsfólk og foreldrar vita að hverju þeir ganga.
- Í lesskimun sem lögð var fyrir nemendur í 2. bekk 2013 var niðurstaðan að 85% nemenda gat lesið sér til gagns samkvæmt viðmiðum prófsins.
- Lögð er áhersla á að fylgja aðalnámskrá í öllum námsgreinum og þar má sjá stigvaxandi kröfur og samhengi í námi.
- Matsþættir í námsmati eru verklag, færni og hugmyndaauðgi.
- Útivera undir stjórn kennara er daglega á skipulagi og kemur í stað frímínútna.
- Kennsluhættir eru sniðnir að viðfangsefnum sem eru samþætt í lotum og smiðjum.
- Mat á gæðum kennslustunda sýnir að 77% stunda sem heimsóttar voru góðar eða frábærar.

Tækifæri til umbóta:

- Ljúka endurskoðun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá 2011 með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Skýra námsmat til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna.
- Skoða hvort hægt er að koma til móts við óskir nemenda um fjölbreyttari leiktæki á skólalóð.
- Bæta þarf upplýsingar um nám og árangur nemenda og skýra fyrir foreldrum viðmið og kvarða námsmats til að auðvelda þeim að sjá námslega stöðu nemenda.
- Taka upp nemendasamtöl sem fastan lið í samskiptum nemenda og kennara.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Í meginreglu Barnaskóla Hjallastefnunnar: *Börn* kemur fram að Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga þeirra. Þetta er m.a gert með daglegum val tímum og þátttöku nemenda í skipulagningu hópatíma, áhrif á matseðla og vali um útivist (Meginreglur Hjallastefnunnar).

Á dagskipulagi nemenda eru val tímar á hverjum degi og valfundur síðdegis sem bendir til að nemendur velji viðfangsefni þessara tíma. Í öðrum tímum er hópurninn oftast að vinna að sömu eða hliðstæðum verkefnum undir stjórn kennara miðað við það sem sást í

vettvangsheimsóknunum. Að sögn nemenda fylgjast þau ekki að í námsbókum og virðast þannig get farið á eigin hraða í námi.

Nemendur í rýnihópum sögðust oftast mega ráða hvernig þeir læra, „getum setið við borð, verið á gólfinu eða hvernig sem er“. Hins vegar fengju þau sjaldan að ráða með hverjum þau væru í hóp, „væri gaman að fá stundum að ráða“. Á hverjum degi er nemendum boðið að velja sér viðfangsefni fyrir val sem er ein klukkustund á dag. Börnin velja á milli nokkurra valstöðva á valfundi en litið er á valfundina sem æfingu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Eldri nemendur í rýnihópi sögðu að stundum fengju þeir að ráða hvað væri í boði í valinu.

Nemendaráð var fyrst skipað á þessu skólaári og því ekki komin löng reynsla á virkni þess. Það var skipað 9 ára stúlknaþópnum. Bent er á að setja þarf starfsreglur um nemendafélagið og kosningu í stjórn þess og kosningu fulltrúa nemenda í skólaráð. Einnig að skapa farveg fyrir nemendur til að koma sjónarmiðum sínum um skólalíf á framfæri.

Ábyrgð og þátttaka

Agi, sjálfstæði og samskipti eru yfirheiti á lotum sem unnið er að á haustönn hvers skólaárs. Þar er lögð áhersla á að fara eftir reglum, styrkja sjálfsmýnd og sjálfsvitund og síðan samskipti og markvissa samvinnu nemenda (Handbók, lotur). Í vettvangsathugunum komu nemendur vel fram og vinnufriður var almennt góður. Nemendur eru meðvitaðir um reglur og ábyrgð hvers einstaklings á eigin hegðun sem birtast í setningum, s.s. „ekki skipta sér af öðrum hugsaðu bara um sjálfa þig“ og „ekki gera úlfalda úr mýflugu“.

Ekki eru sett einstaklingsbundin markmið í námi nema fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá heildinni. Markmið náms eru sett fram í námskrám árganga fyrir hverja námsgrein og í áætlunum í íslensku og stærðfræði fyrir önnina. Aftur á móti eru ekki sett fram markmið í vikuáætlunum til foreldra. Ekki verður séð að nemendur taki þátt í að setja markmið um nám sitt né foreldrar um nám barna sinna.

Upplýsingar eru í skólanámskrá um námsmat, en að mati foreldris hefur stundum verið erfitt að átta sig á námslegri stöðu barnsins. Ekki verður séð að nemendur taki þátt í að meta nám sitt né foreldrar nám barns síns.

Viðhorf nemenda

Nemendur í rýnihópi yngri nemenda töldu sig oftast fá að læra eins og þau vildu en þeim þótti best að læra eitthvað nýtt með því að kennari sýndi þeim það. Nemendurnir nefndu ýmis verkefni og fjölbreytni í náminu, s.s. lestrarverkefni, hópavinnu og stöðvavinnu. Þeir máttu stundum ráða hvað væri í boði í val tímum og oft væru frjálsir tímar. Nemendurnir sögðust setja sér markmið, t.d. í lestrarátaki. Kennararnir voru mjög góðir að mati yngri nemendanna, hrósuðu þeim oft en stundum væri hrósina ekki jafnt skipt. Ekkert einelti væri í skólanum og flestir væru vinir, þó væri stundum einhver skilinn útundan. Yngri nemendur í rýnihópi vildu fá fleiri leiktæki á skólalóðina, húsnaðið mætti skreyta meira og bjóða foreldrum oftast að koma í skólann.

Nemendur í rýnihópi eldri nemenda segja verkefni krefjandi og fjölbreytt. Ekki séu allir á sama stað í námsefninu eða með sama námsefnið. Töluvert sé um samvinnu tveggja eða hópavinnu og kennarar ráði hverjir vinna saman yfirleitt. Eins og hjá yngri nemendum var markmiðasetning nefnd í tengslum við lestrarátak en nemendur könnuðust ekki við að setja sér önnur námsmarkmið. Kennararnir gæfu góðar leiðbeiningar um hvernig hægt væri að bæta sig í náminu og færu reglulega yfir verkefni nemenda. Hrós frá kennurum væri markvisst og í tengslum við verkefni og hegðun nemenda. Elstu nemendur mynda allir nemendaráð og á skólaárinu hafa þeir safnað saman athugasemdum og sent stjórnendum. Nemendur sögðust ekki hafa fengið viðbrögð við þeim. Eldri nemendurnir í rýnihópnum voru ánægðir með skólann sinn og voru sumir áhyggjufullir yfir því að þurfa að skipta um skóla eftir 4 .bekk.

Það sem vel er gert

- Í skólanum ríkir jákvæður andi samstarfs og virðingar og mikil áhersla er á jákvæð og kærleiksrik samskipti.
- Nemendur eru meðvitaðir um reglur og ábyrgð hvers einstaklings á eigin hegðun
- Nemendur geta nefnt fjölbreytt verkefni og viðfangsefni og eru ánægðir með frjálsa tíma og val.
- Einelti er ekki til staðar

Tækifæri til umbóta

- Styðja við nemendaráð og bregðast við ábendingum þeirra.
- Undirbúa elstu nemendur fyrir skólaskipti.
- Skoða þátttöku foreldra í skólastarfinu en báðir rýnihópar nemenda vildu sjá foreldra meira í skólanum.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Hugmyndafræði skólans byggir á því að hverju barni sé mætt þar sem það er statt og hlúa eigi að vellíðan og velgengni hvers og eins nemenda.

Í skólanámskrá er ekki gerð grein fyrir stuðningi við nemendur með sérkennsluþarfir *en* yfirlit yfir kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda er birt í sjálfsmatsskýrslu. Að sögn rýnihópsins er unnið lausnamiðað með hvern nemanda, litlir nemendahópar gera það auðveldara að koma til móts við nemendur.

Áætlun um sérkennslu liggur ekki fyrir. Ennfremur liggja ekki fyrir skráðar móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (sjá fylgiskjal 1, Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs). Þess er gætt að sögn rýnihóps að nemendur með sérþarfir séu ekki fleiri en einn til tveir í hverjum hóp.

Umsjón með sérkennslu er í höndum eins kennara í samstarfi við sálfræðing skólans. Einnig starfa þroskaþjálfari og athyglisþjálfari við stuðning. Þörf fyrir sérkennslu er metin í samráði við umsjónarkennara, en einnig koma foreldrar og skólastjóri að ákvörðun um stuðning við einstaklinga. Verkaskipting er þannig að kennari sér um námslega þætti en sálfræðingurinn m

Það sem snýr að tilfinningalegum og félagslegum þáttum og sér um allar greiningar og ráðgjöf varðandi sérstuðning í samstarfi við skólastjóra og aðra sérfræðinga, ef þörf er á. Skólinn er einnig í samstarfi við talmeinafræðing varðandi greiningar sem snúa að tal- og málþroska. Skólahjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu Hlíða annast skólaheilsugæslu við skólann.

Ekki eru upplýsingar um nemendaverndarráð á heimasíðu skólans en í eineltisáætlun er það tilgreint sem aðili máls. Þar kemur fram að í því sitja skólastjóri, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi sérkennara.

Stuðningur við nám

Stuðningur við nemendur fer að mestu fram inni í bekk, en einnig eru nemendur teknir út úr hópnum hluta dags í nýtilkomið námsver, „markmiðið er að þau geti verið sem mest með sínum hópi“, segir í rýnihópi um sérkennslu. Í námsverið koma nemendur með lestrarvanda.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem víkja verulega frá en fyrir aðra eru sett markmið sem unnið er að hverju sinni. Aðalviðfangsefni stuðningsins er lesturinn. Hópar eru litlir sem þýðir að mati rýnihóps um sérkennslu að margt er leyst í samráði umsjónarkennara og sérkennara innan hópsins, „við erum það alltaf tilbúnar að aðstoða kennara í þá vinnu, en þegar kennari treystir sér ekki þá erum við tökum við það að okkur“.

Kennarar geta leitað eftir ráðgjöf hjá þeim sem sjá um sérkennsluna en að sögn eru þeir „duglegir að bjarga sér sjálfir“.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Hugmyndafræði skólans byggir á því að hverju barni sé mætt þar sem það er statt og hlúa eigi að vellíðan og velgengni hvers og eins nemenda.
- Þörf fyrir sérkennslu er metin í samráði við umsjónarkennara, en einnig koma foreldrar og skólastjóri að ákvörðun um stuðning við einstaklinga.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem víkja verulega frá en fyrir aðra eru sett markmið sem unnið er að hverju sinni.

Tækifæri til umbóta

- Gera áætlun um sérkennslu ásamt móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Setja upplýsingar um nemendaverndarráð á heimasíðu.

Innra mat grunnskóla

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá og í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2012-2013 er fjallað um helstu leiðir sem Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Þar kemur fram að á hverri önn séu lagðar fyrir foreldra-, starfsmanna- og nemendakannanir auk þess sem markvisst er fylgst með námsframvindu nemenda. Samkvæmt skólanámskrá er kappkostað við að meta alla helstu þætti skólastarfsins, s.s. markmið, stjórnun, nám, kennslu, líðan, aðbúnað og tengsl nemenda og starfsfólks.

Ekki liggja fyrir áætlanir um innra mat hvorki til lengri né skemmri tíma og því er ekki unnt að sjá hvernig staðið er að því að meta alla þætti skólastarfsins. Áætlun um kannanir og próf, til að fylgjast með framförum barna í þroska og námi, liggur fyrir í sjálfsmatsskýrslu skólans og sýnir að mat á árangri nemenda fer reglulega fram með prófum, skimunum og könnunum.

Í skólanámskrá kemur fram að skólastjórar séu ábyrgir fyrir matinu í heild en í skólabyrjun ár hvert sé skipaður sjálfsmatshópur þar sem starfsfólk þvert á starfsmannahópinn tekur höndum saman við að stjórna og bera ábyrgð á matinu. Ekki er ljóst á fyrirliggjandi gögnum hvort mat á kennslu og fagmennsku kennara fari fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum. Miðað við skólaheimsókn er ekki hægt að segja að mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum sé sýnilegur liður í daglegu starfi þeirra þó auðvitað fari slíkt mat ætíð að einhverju leyti fram. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er til gátlisti fyrir kennara sem snertir kynjanámskrána, loturnar og hvaða þættir eru æfðir. Þessi listi er notaður til sjálfsmats og aðhalds.

Innra mat er markmiðsbundið

Í skólanámskrá eru markmið einstaka námsgreina dregin fram og fjallað um hvernig námsmati er háttað. Hugmyndafræði, stefna og leiðarljós skólans hvað varðar t.d. aga, sjálfsstyrk, samskipti, jákvæðni, vináttu og áræðni birtast í sjálfsmatsskýrslu og undir fræðsluvef á heimasíðu skólans. Einnig er í sjálfsmatsskýrslu og á heimasíðu fjallað um meginreglur Hjallastefnunnar og að hverju stefnt er í tengslum við börn og foreldra, starfsfólk, umhverfi, efnivið, náttúru og samfélag. Hvergi er dregið skýrt fram í fyrirliggjandi gögnum hvernig leiðarljósinn eða meginreglurnar eru metnar eða hvort öll leiðarljósinn eða meginreglurnar séu metnar markvisst með einhverjum hætti reglulega. Einnig er torvelt að sjá að hve miklu leyti innra matið metur leiðir, svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla, sem notaðir eru til að vinna að leiðarljósunum og meginreglunum.

Fyrirfram skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum viðfangsefnum innra matsins hafa ekki verið skilgreind sérstaklega, en skýr og ítarlega skilgreind hugmyndafræði Hjallastefnunnar, sem fram kemur m.a. í sjálfsmatsskýrslu skólans og á heimasíðu, skapar að vissu marki viðmið um að hverju skuli stefnt. Viðmið í námsmati eru skilmerkilega skilgreind. Í sjálfsmatsskýrslu eru dregnar fram helstu niðurstöður úr innra mati en sú umfjöllun er ekki tengd leiðarljósunum, meginreglunum eða námsmarkmiðunum og því er ekki unnt að segja að matið sé markmiðsbundið.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Af umfjöllun í skólanámskrá að dæma byggir innra mat fyrst og fremst á könnunum, fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk, sem Hjallastefnan hefur þróað. Kannanirnar eru lagðar fyrir á hverri önn og þannig er leitast við að fylgjast stöðugt með. Einnig er fylgst með námsframvindu nemenda með fjölbreyttum hætti. Í sjálfsmatsskýrslu kemur fram að foreldrar hafi aðgang að ríkulegu myndasafni sem gefur þeim innsýn í dagleg viðfangsefni barna þeirra og í gegnum það fá þeir tækifæri til að meta líðan barna sinna og samskipti í skólanum. Ekki er að sjá í sjálfsmatsskýrslu að myndirnar séu nýttar með markvissum hætti í innra mati skólans.

Ekki kemur fram í þeim gögnum sem liggja fyrir við matið hvort skólinn nýtir sér upplýsingar sem fram koma í samræmdum prófum og skimunum sveitarfélagsins í innra mat sitt.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Ekki er ljóst af fyrirliggjandi gögnum hverjir taka ákvörðun um hvað er metið hverju sinni eða hvort spurningar í viðhorfakönnun eru þær sömu eða breytilegar á milli ára. Í skólanámskrá kemur fram að sjálfsmatshópur sé skipaður þvert á starfsmannahópinn en ekki virðist sem foreldrar eða nemendur taki þátt í vinnu hans. Aðkoma sjálfsmatshóps að því að ákveða áherslur og forgangsörðun hverju sinni liggur ekki fyrir, en hann virðist koma að því að skipuleggja og framkvæma matið. Samkvæmt umfjöllun um innra mat í skólanámskrá virðist vel vera staðið að því að leita eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila, þ.e. foreldra, starfsfólks og nemenda. Sjálfsmatsskýrsla fjallar þó ekkert um niðurstöður úr nemendakönnun og einungis er getið um starfsmannakönnun en ekki gerð grein fyrir niðurstöðum hennar. Gerð er grein fyrir niðurstöðum foreldrakönnunar en ekki er ljóst hvenær hún var lögð fyrir eða hvort birtar niðurstöður séu úr báðum foreldrakönnunum vetrarins eða bara annarri.

Í skólanámskrá kemur fram að niðurstöður foreldra- og nemendakannana séu kynntar skólaráði og foreldrafélagi og að þeirri kynningu lokinni sé samantekt sett á vef skólans. Niðurstöður starfsmannakannana eru kynntar á starfsmannafundi og samantekt sett á vef skólans. Í skólabyrjun er farið yfir stöðuna frá síðasta skólaári og starfsfólki gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta. Sjálfsrýni stjórnenda á frammistöðu skólans fer samkvæmt sjálfsmatsskýrslu fram einu sinni á önn í kjölfar foreldra- og starfsmannakannana og þá tína stjórnendur til svör, skýringar og úrbótaáætlanir yfir þá þætti sem betur mega fara og er það birt ásamt niðurstöðum kannana á viðeigandi stöðum á vef skólans. Ekki er að sjá að aðrir hagsmunaaðilar komi að þeirri rýni.

Í rýnihópi kennara kemur fram að alltaf sé eitthvað mat í gangi í öllum skólanum „sameiginlega verið að bæta námskrána og kennarar hafa komið með hugmyndir“.

Innra mat er opinbert

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir en hún virðist ekki vera birt með opinberum hætti, s.s. á heimasíðu skólans. Formleg umbótaáætlun liggur ekki fyrir en aðeins er fjallað almennt um umbætur í sjálfsmatsskýrslu. Sjálfsmatsskýrslan er nokkuð skýrt fram sett og niðurstöður eru settar fram á hnitmiðaðan hátt en þó vantar að gera betur grein fyrir framkvæmd matsins, tengslum þess við stefnu og markmið skólans, tilgangi matsins og viðmiðum.

Sem fyrr segir kemur fram í skólanámskrá að niðurstöður nemenda- og foreldrakannana séu formlega kynntar foreldraráði og foreldrafélagi og síðan birtar á vef skólans. Skoðun á heimasíðu skólans leiddi í ljós að niðurstöður kannana eru ekki aðgengilegar á opinni heimasíðu skólans en vera má að þær séu birtar á læstum foreldravef. Niðurstöður starfsmannakannana eru samkvæmt skólanámskrá kynntar á starfsmannafundi og síðan birtar á vef skólans. Eins og með foreldrakannanirnar eru þær heldur ekki aðgengilegar á opinni heimasíðu skólans.

Innra mat er umbótamiðað

Við greiningu niðurstaðna úr foreldrakönnun í sjálfsmatsskýrslu eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Engin formleg umbótaáætlun liggur fyrir en fjallað er um umbætur í sjálfsmatsskýrslu án þess þó að markvissar aðgerðir séu tilgreindar, þær tímasettar eða skilgreindur sé ábyrgðaraðili fyrir umbótunum. Ekki liggur fyrir hvort umbætur séu bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

Hjá foreldrum kemur fram að foreldrafélagið hafi ýtt á að viðbragðsáætlanir séu gerðar sýnilegar, þeir kannast ekki við að hafa séð umbótaáætlun, en nefna þó að þegar leysa þurfti mál sem upp kom sl. haust hafi viðkomandi foreldrar fengið senda umbótaáætlun í tölvupósti.

Við matið liggur fyrir samantekt úr foreldrakönnun skólans á þeim atriðum sem að mati foreldra mættu betur fara í skólastarfinu. Þar er m.a. að finna ábendingar sem koma ítrekað fyrir frá foreldrum, s.s. um að nýtt starfsfólk sé ekki nægilega vel að sér um Hjallastefnu hugmyndafræðina og Hjallastefnan endurspeglar því ekki nægilega í skólastarfinu. Ekki er fjallað um þessar athugasemdir eða viðbrögð skólans við þeim í sjálfsmatsskýrslunni.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Miðað við skólanámskrá er innra mat nokkuð kerfisbundið.
- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.
- Viðmið í námsmati eru vel skilgreind.
- Sjálfsmatsteymi er starfandi samkvæmt upplýsingum í skólanámskrá.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 hefur verið unnin.

Tækifæri til umbóta:

- Til bóta væri að birta í starfsáætlun eða skólanámskrá áætlun um innra mat til lengri og skemmri tíma.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara ásamt því að gera mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum að lið í daglegu starfi þeirra.
- Til bóta væri að fjalla betur um framkvæmd matsins í sjálfsmatsskýrslu s.s. segja frá hvernig sjálfsmatsteymið skipulegur vinnuna, skiptir með sér verkum og vinnur úr niðurstöðum.
- Bent er á að skv. aðalnámskrá (2011) á innra mat að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.
- Betur þyrfti gera grein fyrir, í skólanámskrá og/eða sjálfsmatsskýrslu, hvernig leiðar-

Ljós skólans og meginreglur eru metnar.

- Huga þarf að því að nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun, einkum til að afla sjónarmiða nemenda um skólastarfið.
- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati, t.d. í gegnum aðkomu skólaráðs eða fulltrúa í matsteymi.
- Leita ætti leiða til að gera nemendur og foreldra að virkari samstarfsaðilum um innra mat, einkum þegar kemur að því að ræða þróun og umbætur.
- Bent er á að til bóta væri að gera ítarlegar grein fyrir framkvæmd matsins, m.t.t. gagnaöflunar, þátttakenda og úrvinnslu í sjálfsmatsskýrslu.
- Niðurstöður innra mats þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu eða með öðrum opinberum hætti. Sama gildir um umbótaáætlanir.
- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun fyrir skólann þar sem skilgreind eru umbótaáætlaðgerðir, ábyrgðaraðilar og tilgreint hvenær og hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Greining

Styrkleikar

Stefna og hugmyndafræði skólustarfsins er skýr og henni er fylgt eftir í framkvæmd. Mikil áhersla er lögð á jákvæðni, gleði og kærleika í samskiptum. Starfsandi er góður, samstarf gott og samskipti hreinskiptin. Viðmót starfsfólks gagnvart nemendum er hlýlegt og jákvætt.

Veikleikar

Skipurit skólans liggur ekki fyrir við matið. Nemendur eiga ekki fulltrúa í skólaráði. Ekki er samræmi milli niðurstaðna út sjálfsmati og áherslan í umbótaáætlun.

Ögranir

Skapa festu og ró í skólustarfinu eftir umrót sl. haust. Tíð kennaraskipti hjá einstaka hópum.

Tækifæri

Leita leiða til að meta fagmennsku og kennslu kennara og veita þeim þannig endurgjöf á störf sín. Efla enn frekar nám og kennslu þannig að allir nemendur fái krefjandi verkefni. Skýra námsmat þannig að það gefi glöggar upplýsingar um námslega stöðu nemenda. Bæta móttöku nýrra kennara með fræðslu og stuðningi. Bæta upplýsingastreymi innan starfsmannahópsins.

Birta niðurstöður sjálfsmats með opinberum hætti svo og umbótaáætlun sem byggir á því.

Samantekt

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Skólinn hefur mjög skýra stefnu og hugmyndafræði og starfar í samræmi við hana.
- Sérstaða skólans er vel kynnt fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins, m.a. á heimasíðu skólans.
- Kennarar telja sig hafa góðan aðgang að stjórnendum skólans og njóta stuðnings þeirra.
- Skólinn hefur mótað sér upplýsingastefnu og foreldrar hafa aðgang að læstri fjölskyldusíðu.
- Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal á hverju ári.
- Starfsmannafundnir eru haldnir reglulega, dagskrá er send út fyrirfram og fundargerðir birtar á starfsmannasíðu.
- Mikil áhersla er lögð á jákvæð og hlýleg samskipti á milli barna og fullorðinna, og samstarf kennara og annars starfsfólks er á jafningjagrundvelli.
- Áhersla er lögð á skýran ramma, jákvæðan aga og festu í skólustarfinu.
- Félagslíf er virkt og starfsfólk tilbúið til að verja tíma saman utan vinnu.
- Skólinn hefur skólabíl til umráða svo auðvelt er að fara í vettvangsferðir með nemendum.
- Ánægja er með mötuneytið.

- Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni um byrjendalæsi og er að byrja á nýju þróunarverkefni um leiðsagnarmat.
- Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2013-2014 liggur fyrir og tekur að einhverju leyti tillit til ábendinga í starfsmanna- og foreldrakönnun.
- Námskeið um Hjallastefnuna er í boði fyrir nýja starfsmenn á hverju hausti.

Tækifæri til umbóta:

- Skólastjórnendur veiti skólanum styrka faglega forystu og hvetji kennara til að auka sífellt gæði náms og kennslu.
- Sýna þarf fyrirkomulag stjórnunar Barnaskóla Hjallastefnunnar í starfsáætlun með sérstöku skipuriti og hafa skýra verkaskiptingu milli skólastjóra og fagstjóra.
- Æskilegt er að til séu verkferlar um hvernig bregðast á við ef erfið mál koma upp varðandi kennslu og starfshætti í skólanum.
- Óreyndir Hjallastefnukennarar hafi stuðning frá stjórnendum eða reyndum kennurum og njóti leiðsagnar þeirra.
- Útbúa móttökuáætlun vegna nýrra starfsmanna þar sem fram kemur hver ber ábyrgð.
- Móta þarf áætlun um viðbrögð við einelti og áreiti í starfsmannahópnum.
- Uppfæra þarf tilvísanir í lög og reglugerðir í skólanámskrá og öðrum opinberum gögnum skólans.
- Bæta þarf upplýsingastreymi innan starfsmannahópsins.
- Auka enn frekar þjálfun og fræðslu fyrir nýtt starfsfólk um aðferðir og hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Stefnumótun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Starfsáætlun skólans og skólanámskrá liggja fyrir þegar matið fer fram.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir flestum þáttum sem þar eiga að birtast.
- Foreldrar sem rætt var við þekkja vel stefnu skólans og sérstöðu og segja að það sé „alveg farið eftir aðalnámskrá og svo er Hjallastefnan með sína eigin námskrá í viðbót við hana.
- Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld samkvæmt dagskipulagi sem er að mestu eins fyrir alla daga.
- Skólinn veitir nemendum lengri skólatíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.
- List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum, nám nemenda er að hluta samþætt og sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár nýttur til að skapa samfellu í námi nemenda.
- Meginreglur Hjallastefnunnar fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um.
- Í eineltisáætlun er lýst viðbrögðum við því ef einelti kemur upp og einnig er birt aðgerðaáætlun vegna ofbeldis gegn börnum og tilgreint aðgerðateymi sem tekur á málum þegar grunur vaknar um ofbeldi utan eða innan skólans.
- Sérstök áfallaáætlun sem nær bæði til nemenda og starfsfólks er til staðar og áfallaráð starfar í skólanum.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta starfsáætlun þannig að hún uppfylli þá upplýsingagjöf sem grunnskólalög og aðalnámskrá gera ráð fyrir.

- Birta starfsáætlun skólans á heimasíðu eða með öðrum opinverum hætti.
- Bent er á að fyrir liggur að uppfæra skólanámskrá til samræmis við nýja aðalnámskrá, en skólar hafa aðlögunartíma til ársins 2015 til að innleiða ákvæði hennar.
- Huga þarf að krefjandi verkefnum í val tímum fyrir eldri nemendur.
- Eiginlegar skólareglur sem snúa beint að nemendum er ekki að finna í skjölum skólans né heldur viðurlög.
- Áætlun um sérkennslu liggur ekki fyrir né skráðar móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku eða fyrir nemendur með sérþarfir.
- Ekki eru upplýsingar um nemendaverndarráð á heimasíðu skólans

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Í foreldrakönnun 2012 sögðust allir svarendur vera ánægðir með skólann almennt (að meðaltali 84% í Reykjavík). Ánægja með stjórnun skólans var 97%.
- Mikil ánægja kom fram í foreldrakönnun skólans sjálfs frá 2013 með hlýlegt og jákvætt viðmót starfsfólks í garð barnanna.
- Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út og einelti meðal nemenda mældist ekki.
- Foreldrasamtöl eru einu sinni á hverri önn og kennarar og foreldrar stýra saman svokölluðum kjarnakvöldum.
- Foreldrafélag er virkt og styður við skólann, upplýsingar um skipan þess og starfsemi birtar á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta upplýsingar til foreldra um nám barna sinna.
- Birta upplýsingar um skólaráðið á heimasíðu skólans svo og fundargerðir.
- Taka fulltrúa nemenda inn í skólaráð.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Greinargóðar upplýsingar um hugmyndafræði skólans liggja fyrir í almennum hluta skólanámskrár.
- Kynjanámskrá Hjallastefnunnar liggur einnig til grundvallar starfinu. Þar er markvisst unnið að félagsþjálfun beggja kynja með það að markmiði að stuðla að jafnrétti.
- Rammi skólastarfsins er mjög skýr og lítt breytanlegur, þannig að starfsfólk og foreldrar vita að hverju þeir ganga.
- Í lesskimun sem lögð var fyrir nemendur í 2. bekk 2013 var niðurstaðan að 85% nemenda gat lesið sér til gagns samkvæmt viðmiðum prófsins.
- Lögð er áhersla á að fylgja aðalnámskrá í öllum námsgreinum og þar má sjá stigvaxandi kröfur og samhengi í námi.
- Matsþættir í námsmati eru verklag, færni og hugmyndaauðgi.
- Útivera undir stjórn kennara er daglega á skipulagi og kemur í stað frímínútna.
- Kennsluhættir eru sniðnir að viðfangsefnum sem eru samþætt í lotum og smíðjum.

- Mat á gæðum kennslustunda sýnir að 77% stunda sem heimsóttar voru góðar eða frábærar.

Tækifæri til umbóta:

- Ljúka endurskoðun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá 2011 með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Skýra námsmat til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna.
- Skoða hvort hægt er að koma til móts við óskir nemenda um fjölbreyttari leiktæki á skólalóð.
- Bæta þarf upplýsingar um nám og árangur nemenda og skýra fyrir foreldrum viðmið og kvarða námsmats til að auðvelda þeim að sjá námslega stöðu nemenda.
- Taka upp nemendasamtöl sem fastan lið í samskiptum nemenda og kennara.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Í skólanum ríkir jákvæður andi samstarfs og virðingar og mikil áhersla er á jákvæð og kærleiksrík samskipti.
- Nemendur eru meðvitaðir um reglur og ábyrgð hvers einstaklings á eigin hegðun
- Nemendur geta nefnt fjölbreytt verkefni og viðfangsefni og eru ánægðir með frjálsta tíma og val.
- Einelti er ekki til staðar

Tækifæri til umbóta

- Styðja við nemendaráð og bregðast við ábendingum þeirra.
- Undirbúa elstu nemendur fyrir skólaskipti.
- Skoða þátttöku foreldra í skólastarfinu en báðir rýnihópar nemenda vildu sjá foreldra meira í skólanum.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Hugmyndafræði skólans byggir á því að hverju barni sé mætt þar sem það er statt og hlúa eigi að vellíðan og velgengni hvers og eins nemenda.
- Þörf fyrir sérkennslu er metin í samráði við umsjónarkennara, en einnig koma foreldrar og skólastjóri að ákvörðun um stuðning við einstaklinga.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem víkja verulega frá en fyrir aðra eru sett markmið sem unnið er að hverju sinni.

Tækifæri til umbóta

- Gera áætlun um sérkennslu ásamt móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Setja upplýsingar um nemendaverndarráð á heimasíðu.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Miðað við skólanámskrá er innra mat nokkuð kerfisbundið.
- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.

- Viðmið í námsmati eru vel skilgreind.
- Sjálfsmatsteymi er starfandi samkvæmt upplýsingum í skólanámskrá.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 hefur verið unnin.

Tækifæri til umbóta:

- Til bóta væri að birta í starfsáætlun eða skólanámskrá áætlun um innra mat til lengri og skemmri tíma.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara ásamt því að gera mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum að lið í daglegu starfi þeirra.
- Til bóta væri að fjalla betur um framkvæmd matsins í sjálfsmatsskýrslu s.s. segja frá hvernig sjálfsmatsteymið skipulegur vinnuna, skiptir með sér verkum og vinnur úr niðurstöðum.
- Bent er á að skv. aðalnámskrá (2011) á innra mat að beinast að markmiðum skólanámskrár og meta þarf jafnframt leiðir að markmiðum.
- Betur þyrfti gera grein fyrir, í skólanámskrá og/eða sjálfsmatsskýrslu, hvernig leiðarljós skólans og meginreglur eru metnar.
- Huga þarf að því að nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun, einkum til að afla sjónarmiða nemenda um skólastarfið.
- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsöröðun í innra mati, t.d. í gegnum aðkomu skólaráðs eða fulltrúa í matsteymi.
- Leita ætti leiða til að gera nemendur og foreldra að virkari samstarfsaðilum um innra mat, einkum þegar kemur að því að ræða þróun og umbætur.
- Bent er á að til bóta væri að gera ítarlegar grein fyrir framkvæmd matsins, m.t.t. gagnaöflunar, þátttakenda og úrvinnslu í sjálfsmatsskýrslu.
- Niðurstöður innra mats þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu eða með öðrum opinberum hætti. Sama gildir um umbótaáætlanir.
- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun fyrir skólann þar sem skilgreind eru umbótaáætlaðir, ábyrgðaraðilar og tilgreint hvenær og hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 2012. *Handbók starfsfólks í leikskólum Hjallastefnunnar*. Reykjavík. Hjallastefnan ehf.

Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar 2012-2013. Reykjavík. Barnaskóli Hjallastefnunnar

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2012. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar. 2012-2013. Reykjavík. Barnaskóli Hjallastefnunnar.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Barnaskóli Hjallastefnunnar. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

<http://www.hjalli.is>

<http://www.hjalli.is/bskre/>

Fylgiskjöl

1. Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur